

Útgáfu fagnað á Tunglkvöldi

Tunglkvöld VI verður haldið í kvöld kl. 20 í galleríinu Kling og bang við Hverfisgötu. Þá mun Tunglið forlag gefa út tvær bækur, annars vegar *Hugmyndir: andvirði hundrað milljónir*, sem er fyrsta bók Halldórs Halldórssonar/Dóra DNA og *Kúbu-dagbókin* eftir Óskar Árna Óskarsson. Í tilkynningu segir að samkvæmt spám vísindamanna muni tunglið fyllast eitt andartak yfir Reykjavík í kvöld og af því tilefni muni Tunglið halda tunglkvöld. Boðið verður upp á léttar veitingar og tónlist. Óskar Árni Óskarsson fæddist í Reykjavík 1950 og gaf út sína fyrstu ljóðabók 1986. Hann hefur æ síðan starfað sem skáld og verið ötull þýðandi.



Óskar Árni Óskarsson



Halldór Halldórsson

Halldór Halldórsson fæddist árið 1985 og hefur fengist við tónlist, leiklist og uppistand. Bækur Óskars og Halldórs verða gefnar út í 69 tölusettum eintökum og verða aðeins til sölu þetta eina kvöld. Óseldum eintökum verður fargað eftir miðnætti, að því er fram kemur í tilkynningu.

Söfn • Setur • Sýningar



LISTASAFN ÍSLANDS

Fríkirkjuvegi 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600, www listasafn.is
Opíð daglega kl. 11-17, lokað mánudaga.

OPNUNARTÍMAR UM PÁSKANA

OPIÐ - Skírdag og laugardaginn 4. apríl kl. 11-17
LOKAÐ - Páskadag og annan í páskum

KONUR STÍGA FRAM - SVIPMYNDIR 30 KVENNA Í ÍSLENSKRI MYNDLIST

13.2.-10.5.2015

A KASSEN CARNEGIE ART AWARD 2014 13.2. - 10.5. 2015

SAFNBÚÐ - Listrænar gjafavörur • KAFFISTOFA - Ljúffengar veitingar.

IN THE CRACK OF THE LAND - Una Lorenzen

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR Laugarnestanga 70, sími 553 2906, www.lso.is

SAMSPIL Sigurjón Ólafsson og Finn Juhl

Hugarflug milli höggmyndar og hönnunar

Sýningin opnar á Sumardaginn fyrsta 23. apríl kl. 14.

SAFN ÁSGRÍMS JÓNSSONAR Bergstaðastræti 74, sími 561 9616, www listasafn.is

Í BIRTU DAGANNA Málverk og teikningar Ásgríms Jónssonar, 1.2.-15.9. 2015
LOKAÐ á Páskadag



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Gleðilega páska! Lokað á páskadag og 2. dag páska

Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár

Á veglausu hafi í Bogasal

Hvar, hver, hvað? í Myndasal

Húsin í bænum á Veggnum

Íslenskir gullsmíðir - ný verk og skartgripahönnun á frimerkjum:

Síðasti sýningardagur 4. apríl

Fjölbreyttir ratleikir fyrir alla fjölskylduna

Safnbúð og kaffihús

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, s. 530 2200,

www.thodminjasafn.is • www.facebook.com/thjodminjasafn

Opíð frá 11-17 alla daga nema mánudaga.



Hafnarborg

MENN

Curver Thoroddsen, Finnur Arnar Arnarson,
Hlynur Hallsson, Kristinn G. Harðarson

Vörður

Jónína Guðnadóttir

Hádegistónleikar

Þriðjudag 7. apríl kl. 12

Sigurður Skagfjörð, bassi og

Antónía Hevesi, píanó

Opíð 12-17, fim. 12-21, lokað þri.

www.hafnarborg.is, sími 585 5790

Aðgangur ókeypis



HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Ný sýning
AMUNDI:



un peu plus

Teikningar og skissur
Helgu Björnsson tiskuhönnuðar

Opíð kl. 12-17. Lokað mánud.

Garðatorg 1, Garðabær

www.honnunarsafn.is



Listasafn Reykjanessbæjar

• Til sjávar og sveita,

Gunnlaugur Scheving

• Sjálfsagðir hlutir, hönnunarsaga.

• 15/15 – Konur og myndlist,

úr safneigninni.

24. janúar – 26. apríl

Byggðasafn Reykjanessbæjar

Bátasafn Gríms Karlssonar

Listasafn Erlings Jónssonar

Opíð virka daga 12-17, helgar 13-17.

Aðgangur ókeypis

reykjanessbaer.is/listasafn

Verið
velkomin

Morgunblaðið/Póður

Áhrifakonur „Upptalning á afrekum og áhrifum þeirra þrjátíu kvenna sem eiga verk á sýningunni „Konur stíga fram“, ásamt umfjöllun um einstök verk, gæti hæglega fyllt fleiri dálka,“ segir gagnrýnandi m.a. um sýninguna.

Af brautryðjendum

MYNDLIST

ANNA JÓA



Listasafn Íslands

Konur stíga fram – svipmyndir 30 kvenna í íslenskrí myndlist

★★★★☆

Til 10. maí 2015. Opíð þri.-su. kl. 11-17.
Aðgangur kr. 1.000. 67 ára og eldri, öryrkjar, hópar 10+ kr. 500. Yngri en 18 ára: ókeypis.

Í tilefni af því að á þessu ári er öld liðin frá því að íslenskar konur fengu fyrst kosningarétt er listsköpun kvenna nú víða haldið á lofti á listasöfnum. Sú staðreynd er dapurleg að enn þurfi að efna til sérstakra kvennasýninga til að rétta hlut kvenna í íslenskrí myndlist. Á móti kemur að það er afar gefandi að sjá samankominn á einum stað fjölda verka eftir konur og átta sig um leið á mikilsverðu framlagi þeirrar til íslenskrar listasögu. Sú er raunin á sýningunni *Konur stíga fram – svipmyndir 30 kvenna í íslenskrí myndlist* í Listasafni Íslands þar sem sýnd eru verk eftir 30 íslenskar konur sem fæddust á tímabilinu 1823-1940 og stunduðu margar hverjar listsköpun sína á tímum þegar myndlistarmenn almennt áttu erfitt uppráttar, hvað þá konurnar. Valið einskorðast við safneign Listasafns Íslands en þess má geta að verk kvenna eru í minnihluta í safneigninni og inn í hana vantar verk eftir ýmsar konur sem ættu tvímælalaust erindi á sýningu sem þessa. Þá takmarkast sýningin og þ.a.l. verkafjöldinn af einhverjum ástæðum við tvo sali (á efri hæð) af fjórum í safninu. Sýningin er engu að síður mikilvægt framtak og þrýðileg hugvekja um brautryðjandi áhrif kvenna í íslenskrí myndlistarlistasögu – eins og dregið er fram í hnitmiðuðum og upplýsandi veggtextum hjá verkum kvennanna þrjátíu. Uppsetning sýningarinnar er skýr og vel unnin, og fengur er í tímalínu sem skoða má á vegg við inngang í sal 4; hún lýsir margháttaðri aðkomu kvenna að myndlistarvettvangi.

Í þeim sal er ýmislegt forvitnilegt að sjá, þar er m.a. undirstrikaður þáttur kvenna sem fæddust á 19. öld og hlutu menntun í fagurlistum að hætti „betri borgara“ dætra og stuðluðu með þekkingu sinni og áhuga að þeirri listvakningu sem hér varð. Sýnd eru

verk eftir hvern frumherjann á fætur öðrum og má þar nefna baráttukonuna Sigríði Einarsdóttur Magnússon sem lagði sig fram við að kynna íslenskar hannyrðir og handverk á erlendum vettvangi, Kristínu Vídalín Jacobsen sem var fyrst íslenskra kvenna til að nema við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn árið 1894 og kom að starfsemi Listvinafélagsins, og Þóru Pétursdóttur Thoroddsen sem eins og Elínborg (Pétursdóttir Thorberg) systir hennar menntaðist í einkaskóla danska landslagsmálarans Vilhelms Kyhn, sýndi olíumálverk frá Þingvöllum á sam-sýningu í Kaupmannahöfn og kom á fót teiknskóla í Reykjavík. Parna eru líka verk eftir Sigríði Maríu Gunnarsson og Þóru Melsteð, sem stofnaði Kvennaskólann í Reykjavík ásamt manni sínum Páli, en teiknikennsla hófst í skólanum þegar Þóra veitti honum forstöðu. Þá eru í salnum verk eftir konur sem gerðu listina að ævistarfi og náðu langt á sínu sviði eins og Nína Sæmundsson sem varð fyrst íslenskra kvenna til að nema höggmyndalist og náði ágætum árangri í Bandaríkjunum, Kristínu Jónsdóttur og Júlíönu Sveinsdóttur sem lögðu fyrstar kvenna fyrir sig málaraalista. Listvefnaður Júlíönu var og mikils metin og á sýningunni má einnig sjá verk eftir Vigdís Kristjánsdóttur, frumkvöðul á sviði myndvefnaðar. Verk hinna fjölhæfu Barböru Árnason, meðal annars brautryðjanda á sviði grafíklistar hér á landi, njóta sín vel í salnum sem og höggmyndir Gunnfríðar Jónsdóttur.

Gunnfríður og Nína eiga báðar verk í höggmyndagardinum Perlu-festinni sem nýlega var stofnaður í Hljómskálagarðinum til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar. Ólöf Pálsdóttur og Tove Ólafsson eiga verk í höggmyndagardinum en eru hins vegar ekki þátttakendur á *Konur stíga fram* vegna þess að verk eftir þær eru væntanlega ekki til í Listasafni Íslands.

Í Tjarnarsalnum er vitnisburður um frumkvöðlastarf kvenna eins og Nínu Tryggvadóttur (fyrsti kvenkyns afstraktmálarinn), Gerðar Helgadóttur (fyrst myndhöggvára til að gera afstraktverk og frumkvöðull í glerlist), Sigríðar Björnsdóttur (frumherji á sviði listmeðferðar), Valgerðar Briem (brautryðjandi í myndmenntakennslu), Rúnu (brautryðjandi í íslenskrí leirlist) og Ásgerðar Búa-dóttur (brautryðjandi í listvefnaði). Í sýningartexta um Ragnheiði

Jónsdóttur segir: „Meðal þess sem rekja má beint til aukinnar aðkomu kvenna að íslenskrí myndlist er fjölbreytni í tæknibrögðum og aðferðafræði“ og það endurspeglast glögglega í grafíkverkum Ragnheiðar og Bjargar Þorsteinsdóttur, óhefðbundnum skúlptúrum Þorbjargar Pálsdóttur og verkum Miriam Bat-Yosef, málverkum Guðmundu Andrésdóttur, Þorbjargar Höskuldsdóttur, Louisu Matthíasdóttur og Ragnheiðar Jónsdóttur Ream (í verkum hennar gætir áhrifa frá bandaríska málaranum Richard Diebenkorn), optískri geómetríu Eyborgar Guðmundsdóttur, nýstárlegum aðferðum Rósku (fyrsta kvenkyns meðlims SÚM-hópsins), m.a. á sviði tilraunakvikmynda og aktífisma, endurnýjun vefnaðar sem miðils í pólitískum verkum Hildar Hákonardóttur (sem lét til sín taka í SÚM og við kennslu í Myndlista- og handiðaskólanum), og síðast en ekki síst má nefna Steinu sem unnið hefur með nýstárlegan samruna tónlistar og myndlistar og telst ásamt eiginmanni sínum Woody Vasulka frumkvöðull í vídeólist á alþjóðavísu. Nýopnuð Vasulka-stofan í kjallara Listasafnsins er raunar tileinkuð ferli Steinu og er fyrsta skrefið í þá átt að gera verkum einstakra íslenskra listamanna af kvenkyni hátt undir höfði í sérstöku, föstu húsnæði síðan Gerðarsafn var opnað árið 1994 í Kópavogi til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara.

Upptalning á afrekum og áhrifum þeirra þrjátíu kvenna sem eiga verk á sýningunni *Konur stíga fram*, ásamt umfjöllun um einstök verk, gæti hæglega fyllt fleiri dálka. Raunar furðar maður sig á því hvers vegna sýningunni er ekki fylgt úr hlaði með sýningarskrá eða bók. Þar mætti fjalla með greinandi hætti um framlag kvennanna á breiðum grundvelli – ekki síst í víðara samhengi íslensks sjónlistaarfs – auk þess að víkja að listferli kvenna sem fæddust fyrir lok 4. áratugarins en eiga að því er virðist ekki verk í safneign Listasafns Íslands. Utan Ólafar og Tove hefðu til dæmis verk eftir Kristínu Þorvaldsdóttur, Kristínu Þorláksdóttur Bernhöft, Karen Agnete Þórarinnsson, Sigríð Valtingoer, Valgerði Hafstað, Drífu Víðar, Hólmfríði Árnadóttur og Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá átt erindi á sýninguna. Forsendan fyrir því að geta notið verka þessara listamanna er að verk þeirra séu sýnileg – og fyrir vikið mun listasagan jafnframt höfða til breiðari hóps en ella.